

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sandgerðis 1997 - 2017, miðsvæði 1.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sandgerðis 1997-2017 frá 5. ágúst 1999.

Breytingin felst í að miðsvæði 1 er stækkað til austurs inn á áður skilgreint íbúðarsvæði og lega Víkurbrautar til suðurs breytist þannig að gatnamót hennar við Austurgötu verða við Suðurgötu í stað Vallargötu. Jafnframt er hringtorg á gatnamótum Hafnargötu og Strandgötu fellt niður og Víkurbraut tengd við Strandgötu. Miðsvæðið er skilgreint sem miðsvæði/miðbæjarsvæði í stað blandaðrar landnotkunar þjónustustofnana, verslunar og þjónustu og íbúða.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 22. september 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.